

Ár 2011, fimmtudaginn 30. júní kl: 17:00 kom bæjarstjórn Hveragerðis saman til fundar á skrifstofu bæjarins Sunnumörk 2, Hveragerði.

Fundinn sátu Unnur Þormóðsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Ninna Sif Svavarsdóttir, Eyþór H. Ólafsson, Róbert Hlöðversson og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir, sem ritaði fundargerð í tölvu.

Forseti bæjarstjórnar, Eyþór H. Ólafsson, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Í upphafi fundar lagði forseti fram eftirfarandi bókun sem samþykkt var samhljóða:

Bæjarstjórn þakkar þeim fjölmörgu starfsmönnum og sjálfboðaliðum sem með einum eða öðrum hætti komu að undirbúningi og framkvæmd sýningarinnar Blóm í bæ sem haldin var hér í Hveragerði dagana 23. - 26. júní 2011. Sérstaklega vill bæjarstjórn þakka Ástu Camillu Gylfadóttur góð störf við stjórnun sýningarinnar. Án samstillts átaks og gríðarlegrar sjálfboðavinnu fjölda aðila hefði sýningin aldrei orðið jafn vegleg og vel lukkuð og raun varð á. Fyrir það vill bæjarstjórn þakka af heilum hug.

Dagskrá:

1. Skýrsla starfshóps v. eineltis kynnt.

2. Fundargerðir

- 2.1 Bæjarráðs frá 16. júní 2011.
- 2.2 Fræðslunefndar frá 22. júní 2011.
- 2.3 Velferðarnefndar frá 16. og 21. júní 2011.
- 2.4 Mannvirkja- og umhverfisnefndar frá 14. júní 2011

3. Breytingar á samþykktum um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar, síðari umræða.

4. Samkomulag við Reiti III v/ húsnæðis að Sunnumörk 2.

5. Málefni Heilsustofunnar NLFÍ.

6. Ályktun bæjarstjórnar vegna rannsóknarleyfis í Grænsdal.

7. Kosning í nefndir, ráð og stjórnir skv. 57. gr. samþykktar um stjórn Hveragerðisbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

- Fulltrúaráð B.Á.
- Skipulags- og bygginganefnd.

8. Sumarfrí bæjarstjórnar.

9. Fundargerðir til kynningar;

- 9.1. Bæjarstjórnar frá 9. júní 2011.

Hér var gengið til dagskrár

1. Skýrsla starfshóps v. eineltis kynnt.**Fundurinn var lokaður á meðan á kynningunni stóð.**

Á fundinn mætti Þorlákur Helgason sérfræðingur í Olweusaráætluninni og formaður starfshópsins og kynnti skýrsluna og vinnu starfshópsins. Starfshópurinn skipaðu auk Þorláks þau Kristín Hreinsdóttir, framkvæmdastjóri Skólaskrifstofu Suðurlands, Ragnar S. Ragnarsson, sálfræðingur og Ólafur Helgi Jóhannsson, lektor við Háskóla Íslands.

Eftirtaldir tóku til máls: Aldís Hafsteinsdóttir, Eyþór H. Ólafsson, Unnur Þormóðsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson, Ninna Sif Svavarsdóttir, Róbert Hlöðversson og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Bæjarstjórn þakkar starfshópnum þá vinnu sem lögð var fram við greiningu og mat á þeirri stöðu sem hér var til athugunar. Lagt var af stað í vegferð sem er einsdæmi í grunnskóla á Íslandi en ekki er vitað til þess að áður hafi verið brugðist við ásökunum um einelti með jafn einörðum og faglegum hætti og hér var gert. Starfshópurinn sýndi mikla fagmennsku og tillitsemi við vinnu sína og fyrir það ber að þakka. Fræðslunefnd hefur verið kynnt niðurstaða starfshópsins og samþykkir bæjarstjórn tillögu nefndarinnar um að formaður fræðslunefndar og starfsmenn skólans fari betur yfir þær tillögur sem starfshópurinn setur fram til úrbóta og þau skilaboð sem bárust frá hlutaðeigandi aðilum. Bæjarstjórn samþykkir einnig að Þorláki Helgasyni verði falið að vinna með starfsmönnum GíH að úrbótum er varða framkvæmd Olweusaráætlunarinnar. Það er bæjarstjórn kappsmál að öllum börnum og unglingum líði vel í Grunnskólanum í Hveragerði hér eftir sem hingað til. Starfshópurinn hefur komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé um einelti að ræða í því tiltekna máli sem rannsakað var sérstaklega. Ljóst er þó að vinnuferla í meðferð eineltismála má skýra og bæta bæði innan GíH sem og milli GíH, félagsmálayfirvalda og fræðslunefndar. Að því verður unnið eins fljótt og auðið er.

2. Fundagerðir;**2.1. Bæjarráðs frá 16. júní 2011.**

Eftirtaldir tóku til máls: Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Róbert Hlöðversson, Aldís Hafsteinsdóttir, Eyþór H. Ólafsson, Guðmundur Þór Guðjónsson, Unnur Þormóðsdóttir og Ninna Sif Svavarsdóttir

Bæjarstjórn staðfestir eftirtalda liði í fundargerð bæjarráðs: 3.1 og 3.2.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

2.2. Fræðslunefndar frá 22. júní 2011.

Eftirtaldir tóku til máls: Unnur Þormóðsdóttir,

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

2.3. Velferðarnefndar frá 16. júní 2011.

Enginn tók til máls:

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

Velferðarnefndar frá 21. júní 2011.

Eftirtaldir tóku til máls: Unnur Þormóðsdóttir, Róbert Hlöðversson, Aldís Hafsteinsdóttir og Eyþór H. Ólafsson.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

2.4. Mannvirkja- og umhverfisnefndar frá 22. júní 2011.

Eftirtaldir tóku til máls: Eypór H. Ólafsson, Ninna Sif Svavarsdóttir, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Unnur Þormóðsdóttir, Róbert Hlöðversson og Guðmundur Þór Guðjónsson.

Í fundargerðinni kemur fram val á fegurstu görðum Hveragerðisbæjar 2011. Fyrir valinu urðu: Heiðarbrún 63, Laufskógar 4A og Valsheiði 25. Auk þess valdi nefndin Frumskóga sem fegurstu götu Hveragerðisbæjar árið 2011.

Bæjarstjórn óskar eigendum fegurstu garða ársins 2011 og íbúum fegurstu götunnar innilega til hamingju með viðurkenninguna um leið og vonast er til að valið verði öðrum hvatning til góðra verka.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

3. Breyting á samþykktum um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar, síðari umræða.

Lögð fram til síðari umræðu tillaga um breytingu á 3. tl. B-hluta 57 gr samþykta um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar þar sem rætt er um Velferðarnefnd.

Enginn tók til máls.

Bæjarstjórn samþykkir að Aldís Hafsteinsdóttir verði fulltrúi í nefnd oddvita og sveitarstjóra. Bæjarstjórn samþykkir einnig að tilnefna Unni Þormóðsdóttur sem fulltrúa í sameiginlega velferðarnefnd..

Breytingin samþykkt samhljóða.

4. Samkomulag við Reiti III v/ húsnæðis að Sunnumörk 2.

Lagt fram samkomulag við Reiti III vegna uppsetningar á sýningu um jarðskjálftann í maí 2008 í Verslunarmiðstöðinni Sunnumörk. Bæjarstjóri hefur undirritað samkomulagið með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar en tvær litlar orðalagsbreytingar voru gerðar fyrir undirritun á þeim drögum sem áður voru samþykkt í bæjarstjórn.

Eftirtaldir tóku til máls: Aldís Hafsteinsdóttir.

Bæjarstjórn samþykkir samkomulagið.

5. Málefni Heilsustofnunar NLFÍ.

Bæjarstjórn samþykkir eftirfarandi bókun:

Bæjarstjórn lýsir yfir þungum áhyggjum af þeim erfiðleikum sem stjórnendur Heilsustofnunar NLFÍ glíma nú við. Stofnunin hefur veitt þúsundum einstaklinga endurhæfingu og meðferð í áratugi og fjölmargir eiga þeirri meðferð það að þakka að þeir geta verið fullgildir þátttakendur í samfélaginu. Sífelld óvissa um framtíð rekstrarins er ekki boðleg þegar um jafn mikilvægan rekstur er að ræða og hér er. Nýjustu fréttir um yfirvofandi uppsagnir reyndustu starfsmanna stofnunarinnar valda ugg varðandi framtíðina. Bæjarstjórn hvetur Velferðarráðuneytið og samninganefnd Sjúkratrygginga Íslands til að bregðast við og hefja nú þegar viðræður við stjórnendur HNLFI um gerð nýs þjónustusamings til lengri tíma.

6. Ályktun bæjarstjórnar vegna rannsóknarleyfis í Grænsdal.

Bæjarstjórn samþykkir eftirfarandi bókun:

Bæjarstjórn fordæmir rannsóknarleyfi sem Orkustofnun hefur gefið út í Grænsdal til handa Sunnlenskri orku. Það er afar sérstakt, ef ekki tilgangslaust, að veita rannsóknarleyfi á þessu svæði þegar óumdeildur vilji þeirra sveitarfélaga sem málið varðar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og allra náttúruverndarsamtaka stendur til þess að Grænsdalur verði verndaður. Sú spurning hlýtur að vakna hver sé tilgangurinn með leyfisveitingunni þar sem afar ólíkegt er að framkvæmdir verði nokkru sinni heimilaðar á þessu svæði? Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar hefur barist gegn öllum áformum um virkjanir í næsta nágrenni bæjarins. Sú barátta mun halda áfram þar til fallist verður á skilyrðislausu friðun þessa svæðis. Bæjarstjórn felur bæjarstjóra að kanna möguleika bæjarfélagsins á að kæra veitingu umrædds rannsóknarleyfis.

Eftirtaldir tóku til máls: Aldís Hafsteinsdóttir, Eyþór H. Ólafsson og Ninna Sif Svavarsdóttir.

7. Kosning í nefndir, ráð og stjórnir skv. 57. gr. samþykktar um stjórn Hveragerðisbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.**○ Fulltrúaráð B.Á.**

Tillaga kom um að Guðmundur Þór Guðjónsson verði fulltrúi Hveragerðisbæjar og Aldís Hafsteinsdóttir til vara.

Tillagan samþykkt samhljóða.

○ Skipulags- og bygginganefnd.

Lagt fram bréf þar sem kemur fram að Guðrún Friðriksdóttir hefur óskað eftir lausn frá störfum í skipulags- og bygginganefnd.

Tillaga kom um að Róbert Hlöðversson verði varamaður í Skipulags- og bygginganefnd í stað Guðrúnar Friðriksdóttur.

Tillagan samþykkt samhljóða.

8. Sumarfrí bæjarstjórnar.

Forseti lagði fram svohljóðandi tillögu:

"Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkir að fella niður fundi bæjarstjórnar í júlí og ágúst vegna sumarleyfis bæjarstjórnar og felur bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála í samræmi við 2. og 3. mgr. 48. grein samþykktar um stjórn Hveragerðisbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar sbr. lög nr. 45/1998".

Tillagan samþykkt samhljóða.

9. Fundargerðir til kynningar.

9.1. Bæjarstjórnar frá 9. júní 2011.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:07

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign)

Aldís Hafsteindóttir, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign).

Eyþór H. Ólafsson, (sign).

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign).

Ninna Sif Svavarsdóttir (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign).